

## Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2007

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar á árinu 2007 skipuðu Stefán Ásmundsson og Árni Múli Jónasson af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins, Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands. Stefán Ásmundsson gegndi formennsku til 30. apríl 2007 þegar Eiríkur Tómasson leysti hann af hólmi.

Samningur milli Háskóla Íslands, vegna lagadeildar, og Hafréttarstofnunar Íslands um kennslu og rannsóknir í auðlindarétti, sem undirritaður var 2. maí 2006, kom til framkvæmda á árinu 2007. Veitti stofnunin þá Háskóla Íslands framlag vegna stöðu lektors í auðlindarétti við lagadeild að fjárhæð kr. 1.750.000.-.

Hafréttarstofnun Íslands styrkti alþjóðaráðstefnu um lagaleg álitamál varðandi öryggi í siglingum sem Hafréttarstofnunin við Háskólann í Virginíu og Max Planck-stofnunin í Þjóðarétti gengust fyrir í Heidelberg 24.–26. maí 2007. Framlag Hafréttarstofnunar fólst í því að kosta þátttöku Tómasar H. Heiðar, forstöðumanns stofnunarinnar, sem stýrði pallborðsumræðum um sjórán og flutti erindi um ólöglegar fiskveiðar (sjóræningjaveiðar). Enn fremur var Landhelgisgæslu Íslands veittur styrkur vegna þátttöku Gylfa Geirssonar í ráðstefnunni.

Hafréttarstofnun varð árið 2002 aðili að Ródos-akademíunni í hafrétti sem gengst fyrir þriggja vikna sumarnámskeiði á þessu sviði ár hvert. Námskeiðið er afar vandað, fyrirlesarar eru í fremstu röð á þessu sviði í heiminum og þátttakendurnir, sem eru um 40 talsins, koma frá öllum heimshlutum. Framlag Hafréttarstofnunar til Ródos-akademíunnar er þríþætt: Í fyrsta lagi er forstöðumaður stofnunarinnar á meðal fyrirlesara á námskeiðinu, í öðru lagi veitir stofnunin nokkrum Íslendingum, sem almennt hafa starfsreynslu á þessu sviði, styrki til þátttöku í námskeiðinu og í þriðja lagi veitir stofnunin nokkrum einstaklingum frá þróunarríkjum hlutastyrki til þátttöku í námskeiðinu. Bjarni Richter frá Íslenskum orkurannsóknum, Hrefna Karlsdóttir frá sjávarútvegsráðuneytinu, Ingiríður Lúðvíksdóttir frá utanríkisráðuneytinu og Lárus M.K. Ólafsson frá iðnaðarráðuneytinu hlutu styrki til þátttöku í námskeiði Ródos-akademíunnar 1.–20. júlí 2007.

Hafréttarstofnun auglýsir í upphafi hvers árs styrk til framhaldsnáms í hafrétti á næsta háskólaári. Enginn sótti um styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2007–2008.

Hafréttarstofnun gekkst fyrir málstofu um réttarstöðu Norður-Íshafsins undir yfirskriftinni „Hver á Norðurpólinn?“ í Þjóðmenningarhúsinu 9. nóvember 2007. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra flutti ávarp í upphafi málstofunnar sem var fjölsótt. Ron Macnab, meðlimur Norðurskautsnefndar Kanada, flutti fyrirlestur um lögsögumál í Norður-Íshafinu, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, flutti erindi um fiskveiðar á norðurslóð við breyttar aðstæður og Douglas Brubaker frá Fridtjof Nansen-stofnuninni fjallaði um lagaleg álitamál varðandi norðursiglingaleiðirnar. Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands, tók þátt í pallborðsumræðum ásamt frummælendum. Málstofustjóri var Tómas H. Heiðar, forstöðumaður Hafréttarstofnunar.